



Reykjavíkurborg

FRAMKVÆMDALEYFI

Á fundi skipulagsfulltrúa þann 18. nóvember 2022 var samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan í umsókn Vegagerðarinnar, dags. 1. júlí 2022. Vegagerðinni er hér með veitt framkvæmdarleyfi vegna 3. áfanga Arnarnesvegjar sem liggur á milli Rjúpnavegar og Breiðholtsbrautar. Framkvæmdaleyfið gildir um þær framkvæmdir sem fara fram innan sveitarfélagamarka Reykjavíkurborgar.

Framkvæmdaraðili: Vegagerðin er í forsvari fyrir verkkaupana, sækir um framkvæmdaleyfið og verður leyfishafi. Verkkaupar í verkinu eru Vegagerðin, Reykjavík, Kópavogur, Veitur og Míla.

Gildistími leyfis: 7. desember 2022 til 7. desember 2025.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá upphafi gildistíma.

Eftirlitsaðili framkvæmda: Eftirlitið er venjubundið framkvæmdaeftirlit sem miðar m.a. að því að verktaki/leyfishafi uppfylli skilyrði við framkvæmd verksins. Eftirlit fer fram með reglubundnum hætti allan verktímann og fær leyfishafi upplýsingar um niðurstöður þess jafnóðum og verkinu vindur fram. Eftirlitsaðili verður valinn á grundvelli útboðs þar sem gerðar verða viðeigandi hæfniskröfur til þeirra sem annast eftirlitið fyrir hönd leyfishafa. Eftirlitsaðili gerir eftirlitsáætlun þar sem fram kemur hvernig hann hyggst standa að eftirlitinu til að tryggja að gæði verks og hvernig eftirlit með umhverfisþáttum sé uppfyllt.

Hvað varðar eftirlit með svifryksmengun og aðgerðir til verndunar Blátoppu þá hefur Vegagerðin þegar hafið vöktun þeirra atriða. Þegar kemur að framkvæmdum mun sá verktaki sem verður lægstbjóðandi undirgangast þau skilyrði sem sett eru fram í útboðslýsingu verksins, þ.m.t. varðandi umhverfismál. Útboð á eftirliti fer fram í desember 2022 og tilboð verða opnuð í janúar 2023.

Nánari lýsing á framkvæmd:

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi fyrir vegagerð fyrir Arnarnesvegi frá hringtorgi við Vatnsenda og Arnarnesvegjar (áfangi X9) að akstursbrú yfir Breiðholtsbraut með aðskildum göngu- og hjólastíg (áfangi X5). Einnig er sótt um að leggja stofnstíg sem tengist göngu- og hjólabrú yfir Arnarnesveg (áfangi X8) Undirgöng undir Breiðholtsbraut við Suðurfell / Jaðarsel (áfangi X3). Stofnstígur gangandi og hjólandi frá Rjúpnavegi yfir í Elliðaárdal. Göngu- og hjólabrú á Dimmu (áfangi X4).

Breidd vegsvæðis beggja veganna miðast við 30 m til beggja handa út frá miðlinu veganna. Efnisjafnvægi heildarverksins þ.a. allar skeringar í klappir í vegsvæði Arnarnesvegjar verða nýttar í undirbyggingu vega (fyllingarefni) á öðrum stöðum í verkinu. Um er að ræða 190.000 m³ (fast efni) sem verða nýttir innan framkvæmdasvæðisins. Einnig leggst til töluvert efni úr skeringum Arnarnesvegjar sem ekki er talið nothæft til vegagerðar. Stærsta hluta þessa efnis hefur Reykjavíkurborg óskað eftir að fá í fyrirhugaðan Vetrargarð, eða allt að 75.000 m³, þar sem það verður nýtt til að móta nýjar skíðabrekkur og landslag. Einnig verður þetta efni nýtt í hljóðmanir í verkinu. Um er að ræða 140.000 m³ sem verða nýttir innan framkvæmdasvæðisins (Vetrargarður og manir) en umframefni er þá um 5.000 m³ sem fluttir verða á viðurkenndan losunarstað eða í önnur verk á vegum verkkaupanna. Reiknað er með að allt unnið efni í styrktarlag og burðarlag vega og stíga komi verktaki til með að útvega úr námum í nágrenni við framkvæmdasvæðið. Samtals er um að ræða 78.000 m³ af unnu steinefni sem fara í styrktar- og burðarlag vega og stíga. Gerð verður krafa um að verktaki kaupi aðeins efni úr námum sem eru á aðalskiplagi viðkomandi sveitarfélags og hafi nauðsynleg starfsleyfi.

Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi sértækum skilyrðum:

Við gerð göngu- og hjólabrú yfir Dimmu, sem verður 46 m að lengd og 5,7 m breið, gilda eftirfarandi skilyrði:

- Fiskistofa hefur gefið heimild fyrir framkvæmdum við ána sem gildir til 20. maí 2024. Í framhaldinu verði eldri göngubrú yfir Dimmu aflögð.
- miða skal við að framkvæmdir við fyrirhugaða brú fari fram á tímabilinu 15. október til 1. maí þ.e. utan aðal göngutíma lax og sjóbirtings.
- gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum og sem næst því ástandi sem var fyrir framkvæmdir.
- Ganga skal frá jarðvegssárum þannig að gróður þeirra verði sem líkastur því sem var fyrir framkvæmdir, ýmist með fræsáningu eða með því að tyrfa yfir jarðvegssár.
- Gæta þess sérstaklega að ekki verði rask á bökkum eða efni berist út í árnar.
- Hanna skal lýsingu brúar og stíga í nágrenni ána þannig að lýsing sé lágstemmd og ljósgeislum beint inn á göngustíg en ekki að ánum sjálfum.
- Á framkvæmdatíma skal gera ráð fyrir vatnavöxtum en rennsli getur margfaldast. sérstaklega í leysingum og rigningum þegar jörð er frosin.
- Jarðefni sem grafið er upp eða fellur til við framkvæmdina skal sett í örugga fjarlægð frá árbakka þannig að tryggt sé að gruggugt vatn eða set berist ekki til árinna.
- Hreinsa skal áhöld og vélar sem notuð eru í eða við ána þannig að tryggt sé að oliur, eða önnur skaðleg efni sem geta verið á áhöldum eða vélum berist ekki í árvatnið.
- Mikilvægt er að framkvæmdaaðili, verktakar og starfsmenn séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og að leitað verði allra leiða til að lágmarka umhverfisáhrif bæði í tíma og rúmi. Gera skal viðbragðsáætlun ef upp koma atvik eða óhöpp sem ógnað geti lífríkinu (t.d. olíuleki). Frávik skulu skráð.

Mótvægisáðgerðir verði miðaðar við að halda hljóðstigi neðan leiðbeiningargildis, 50-55 dB(A), reglugerðar um hávaða. Rík ástæða sé til að slíkt markmið liggi til grundvallar við skipulagningu og framkvæmdir á svæðinu þar sem erfitt sé að bæta hljóðmanir eftir að framkvæmdum sé lokið og umferð kominn á veginn.

Verktaki/leyfishafi skal einnig fara eftir þeim skilyrðum sem koma fram í umhverfiskýrslu í áliti Skipulagsstofnunar og öðrum þeim skilyrðum sem koma fram í þeim gögnum sem framkvæmdaleyfið er grundvallað á.

Framkvæmdaleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda sem brjóta í bága við gildandi skipulagsáætlanir og ákvæði laga og reglugerða eða rétt annarra.

Verði breyting á framkvæmd skal afla samþykkis leyfisveitanda við breytingunni. Skal leyfisveitandi meta hvort að breyting kalli á nýtt framkvæmdaleyfi og breytingu á skipulagi.

Ef breyting er gerð á framkvæmd sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum skal framkvæmdaaðili, að höfðu samráði við Skipulagsstofnun, meta hvort að tilkynna þurfi framkvæmd aftur til Skipulagsstofnunar.

Framkvæmdaleyfi er grundvallað á eftirfarandi gögnum:

- Framkvæmdin á sér stoð í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og nýsamþykktu deiliskipulagi fyrir Arnarnesveg, birt í B- deild Stjórnartíðinda þann 28. október 2022.
- Hljóðvarnir snið, dags. 31. mars 2022
- Hljóðvarnir yfirlit, dags. 31. mars 2022
- Afstöðumynd, ódagsett, móttekið 13. júlí 2022
- Umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 1. júlí 2022
- Yfirlitsmynd yfir hljóðvarnir dags. 1. maí 2022
- Yfirlitsmynd yfir áfangaskiptingu, dag. 14. mars 2022
- Yfirlitsmynd yfir veghelgunarsvæði Arnarnesvegar, dags. 14. mars 2022
- Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur dags. 27. apríl 2020
- Umsögn Jóhannesar Sturlaugssonar líffræðings hjá Laxfiskum dags. 4. október 2021
- Umsögn Hafrannsóknarstofnunar dags. 5. maí 2022

- Umsögn Fiskistofu dags. 19. maí 2022.
- Sameiginleg greinargerð Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar dags. 10. nóvember 2022.
- Framkvæmdalýsing, dags. júlí 2022.
- Matsskýrsla Vegagerðarinnar, úrskurður Skipulagsstofnunar, dags. 4. júlí 2003, matsskyldufyrirspurn og ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 16. febrúar 2021.
- Samþykki Reykjavíkurborgar fyrir að setja 65.000 rúmmetra í Vetrargarðinn-
- Deiliskráning fornleifa á 3. hluta Arnarnesvegar haustið 2021. Fornleifastofnun Íslands.
- Minnisblað Náttúrufræðistofnunar, 15. júní 2022. Úttekt á útbreiðslu blátoppu (*Sesleria albicans*) og grágrýtis vegna 3. áfanga Arnarnesvegar.
- Leyfi Fiskistofu, dags. 19. maí 2022, fyrir gerð nýrrar göngu- og hjólabrúar yfir á Anna Dimmu.
- Samkomulag Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar um nýtingu efnis frá framkvæmdum við Arnarnesvegar í Vetrargarðinn, dags. 4. júlí 2022.

Framkvæmdin skal samræmast samþykktum hönnunargögnum.


Framkvæmdaleyfið er gefið út í tveimur eintökum. Annað eintakið skal vera á framkvæmdastað og skal framkvæmdaaðili ávallt framvísa því sé þess óskað af eftirlitsaðilum.

Almenn skilyrði

- Þurfi framkvæmdaleyfishafi að nýta borgarland við framkvæmdina skal hann sækja um afnotaleyfi á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/afnotaleyfi.
- Taka skal sérstakt tillit til þess að um íbúðarsvæði er um að ræða og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við íbúa götunnar og nærliggjandi svæða þannig að framkvæmdin valdi eins litlu raski og mögulegt er.
- Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt vegna viðkvæmrar staðsetningar þess.
- Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum, sem og ef framkvæmdir stöðvast yfir lengri tíma í miðju verki.
- Verði breyting á samþykktri framkvæmd skal framkvæmdaraðili tilkynna leyfisveitanda um þá breytingu.
- Verði séð fram á breytingar á áætlun, framkvæmdir tefjast að verulegu leyti og/eða ef gerðar verða skipulagsbreytingar á svæðinu, þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfi þetta veitir ekki heimild til framkvæmda sem brjóta í bága við ákvæði annarra laga eða reglugerða sem framkvæmdin mögulega fellur undir, svo sem lög um menningarminjar og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Framkvæmdaraðili þarf að tryggja að öll viðeigandi leyfi liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

Reykjavík, 7. desember 2022



f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
Erna Hrönn Geirsdóttir, lögfræðingur
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða.

